

Í Húnaskóla er lögð áhersla á að mæta öllum nemendum. Í lögum um grunnskóla kemur m.a. fram að hlutverk grunnskóla sé, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda (lög nr. 91/2008).

Þannig er stoðþjónusta skipulögð með þarfir nemenda að leiðarljósi, þar sem reynt er af fremsta megni að mæta þörfum hvers og eins, eins og með sérstakri námsaðstoð í tilteknum námsgreinum, um lengri eða skemmri tíma.

Deildarstjóri stoðþjónustu hefur umsjón með allri sér- og stuðningskennslu skólans. Hann skipuleggur sérkennsluna þannig að hún nýtist hverjum og einum sem best. Deildarstjóri stoðþjónustu er næsti yfirmaður þeirra sem koma að sérkennslu, eins og stuðningsfulltrúa, þroskaþjálfara og sérkennara.

Skipulag stoðþjónustu/sérkennslu er breytilegt. Horft er til greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófa, sem og ábendingum frá öðrum sem að nemendum koma. Má þar nefna, sálfræðing, talmeinafræðing, kennara og foreldra. Að vori er óskað eftir upplýsingum frá kennurum skólans um sérkennslu- og stuðningsþörf næsta skólaárs. Tekið er mið af þessum upplýsingum, sem annarra, þegar störf stuðningsfulltrúa og kennara sem koma að sérkennslu, er skipulögð. Lögð er áhersla á að endurmeta stuðning og sérkennslu reglulega.

Kennarar eru ávallt ábyrgir fyrir þeim nemendum sem þeir sinna hverju sinni og sjá til þess að nemendur séu með námsefni við hæfi. Það er á ábyrgð umsjónarkennara að upplýsa kennara og aðra sem að nemendahópnum koma, um þarfir hvers og eins nemanda.

Helstu markmið stoðþjónustu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og námsstöðu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta á góð samskipti og samvinnu við foreldra

Skipulag stoðþjónustu fer alltaf eftir þörfum nemenda, en getur verið eftirfarandi:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Þar felur kennslan í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla, getur verið einstaklingsáætlun í einstöku fagi, en ekki vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Ísat kennsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

Stuðningskennsla fer fram inn í bekk eða utan bekkjar, þá að jafnaði í Húnalundi, bókaveri eða þar sem er laust rými. Stuðningskennsla felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans og endurmetin reglulega.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með forráðamönnum einstakra nemenda. Leitast er við að vera í nánú samstarfi við þá sem að nemendum koma til að hægt sé að mæta þörfum hvers og eins, eins vel og hægt er.

Greinandi skimunarpróf eru lögð fyrir á hverju skólaári. LOGOS skimun, sem greinir dyslexíu, er lagt fyrir alla nemendur í 3. og 6. bekk og nemendur í 7. - 10. bekk sem ná ekki viðmiði 1 í lesfimi og koma illa út í Orðarún, sem er lesskilningspróf og er

*lagt fyrir nemendur í 3. - 10. bekk. Talnalykillinn er skimun í stærðfræði. Hann er lagður fyrir alla nemendur í 3. og 6. bekk.*

*LOGOS er lagt fyrir þá nemendur sem koma illa út úr skimun, sem og aðra nemendur sem óskað er eftir að það sé lagt fyrir.*